

## Fundargerð 291. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 291. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 11. mars 2020 hjá Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.**

### Efni fundar:

- Íslenska ánægjuvogin
- Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí
- Ársreikningur – aðalfundur
- Ný stjórn
- Stefnumótun
- Fyrimyndarfyrirtæki í stjórnarháttum, viðburður og samstarf
- NPS – þjónustumælingar
- LinkedIn og Teams
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Önnur mál
  - Samfélagsskýrsla ársins o.fl.

<b>Dags.fundar:</b> 11.mars 2020	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 291
<b>Fundarboðari:</b> AÓG	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> NSA

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Ingi Björn Sigurðsson,

**Fjarverandi:** Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Jón Gunnar Borgþórsson, Berglind Björk Hreinsdóttir

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Íslenska ánægjuvogin 2019.** Íslenska ánægjuvogin var afhent þann 24.janúar sl. á Grand Hótel og mættu á annað hundrað manns á hátíðina. Veitt voru verðlaun á 9 mörkuðum og kynnt var breytt viðskiptamódel. Nýja módelið felur í sér að fyrirtækjum er heimilt að nýta sér merki Íslensku ánægjuvogarinnar gegn gjaldi kr.600.000.- og fylgir þá með ítarleg skýrsla fyrir fyrirtækið að verðmæti 400.000.-kr. Öll fyrirtækin sem voru efst í Íslensku ánægjuvoginni fjárfestu í nýtingu á merkinu og mörg önnur sem voru mæld keyptu skýrslu. Íslenska ánægjuvogin er algjörlega í eigu Stjórnvísí og er framkvæmd mælinganna í höndum Zenter. Samningur við Zenter felur í sér að til Stjórnvísí renna 15% af upphæð hvernar seldrar skýrslu og er þeirri fjárhæð varið aftur í að kanna nýja markaði. Eigið fé Íslensku ánægjuvogarinnar er rúmlega 1 milljón og mun því sala á nýtingu á merki Íslensku ánægjuvogarinnar

styrkja eiginfjárstöðu hennar og gera kleift að fjárfesta í samanburði við erlenda markaði, bæta við nýjum mörkuðum o.fl. Í framhaldi af afhendingu Íslensku ánægjuvogarinnar var mikið um auglýsingar þeirra sem voru hæstir og marktækt hæstir með ánægðustu viðskiptavinina.

- **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí.** Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí voru afhent á Grand Hótel þann 27.febrúar kl.16:00-17:15 og afhenti forseti Íslands verðlaunin við hátíðlega athöfn. Um 100 manns mættu á viðburðinn sem var hinn allra glæsilegasti og styrktu fjöldi fyrirtækja viðburðinn. Þema Stjórnvísí árið 2019-2020 er TRAUST og var fluttur fyrirlestur sem tengdist þemanu. Yfir 50 stjórnendur voru tilnefndir og þrjú stjórnendur voru útnefndir í þremur flokkum; yfirstjórnandi, millistjórnandi og frumkvöðull. Hátíðinni var streymt og búið var til myndband sem hefur hlotið fjölda áhorfa í framhaldi af viðburðinum og fékk hann þó nokkra umfjöllun. Auglýst var á FB og á mbl.is Stjórn var ánægð með breytingu sem gerð var á viðburðinum sem fólst í því að hafa einungis einn stuttan fyrirlestur og gefa tíma til tengslanets í lokin.
- **Ársreikningur. Ársreikningur félagsins var sendur stjórn til athugasemdar fyrir viku síðan** og hefur athugasemdum sem hafa borist verið svarað og komið til endurskoðanda félagsins. Í framhaldi verður ársreikningurinn sendur til skoðunarmanna og undirritaður á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður í byrjun apríl. Hönnun ársskýrslu verður með sama hætti og undanfarin ár.
- **Ný stjórn.** Stjórnir faghópa eru byrjaðar að auglýsa aðalfundi og verður aðalfundur Stjórnvísí haldinn í byrjun maí en fyrir þann fund eiga allir faghópar að vera búnir að halda aðalfund og kjósa nýja stjórn. Stjórnarskiptafundur verður haldinn sama dag.
  - Lagabreytingar verða á næsta aðalfundi og skulu þær auglýstar með góðum fyrirvara.
  - Fundarstjóri aðalfundar verður: Sigríður Harðardóttir
  - Fundarritari aðalfundar verður: Ásdís Erla Jónsdóttir
  - Stjórn. Formaður félagsins **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**, Advania hefur tekið þá ákvörðun að bjóða sig fram aftur, allri stjórn til mikillar ánægju. Úr stjórn munu ganga; Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson. Á síðasta aðalfundi voru kosin til 2ja ára:
    - **Jón Gunnar Borgþórsson**, Stjórnendaráðgjafi (2019-2021)
    - **Guðný Halla Hauksdóttir**, Orkuveita Reykjavíkur (2019-2021)
    - **Ingi Björn Sigurðsson** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (2019-2021)
    - **Sigríður Harðardóttir**, Strætó (2019-2021)
    - **Ásdís Erla Jónsdóttir**, Háskólinn í Reykjavík (2019-2020)
    - X
    - X
    - X
- **Stefnumótun.** Þrjú fundir hafa verið haldnir í stefnumótun Stjórnvísí, einn í nóvember og tveir í febrúar. Fjórði fundurinn verður haldinn í næstu viku.
- **Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum**, viðburður og samstarf. Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins hafa óskað eftir samstarfi við Stjórnvísí auk Nasdaq varðandi Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum. Alls verða 15 fyrirtæki heiðruð í apríl og er stefnt að þeim fundi í lok þess mánaðar. Fundurinn verður unninn í fullu samstarfi við Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

- **NPS.** Stefna er búin að setja í mælaborð Stjórnvísí NPS skor sem byggir á mati félaga á fundum félagsins. Eftir hvern fund hér eftir verður send út spurning til félaga þar sem þeir gefa fundinum meðmælaskor. Stefna lætur vita hvenær fyrsta mæling fer út.
- **LinkedIn og Teams.** Tekin var ákvörðun um að leita til ráðgjafa varðandi hver eiga að vera næstu skref varðandi að Stjórnvísí fari á LinkedIn og taki upp Teams.
- **Fréttir af faghópum.** Mikill kraftur er í faghópum félagsins og gríðarlegur fjöldi mætt á fundi það sem af er starfsárinu. Fjöldi þeirra sem hefur mætt á fundi fram til þessa er orðinn 4000 manns en í fyrra mættu 3614 á fundi félagsins allt starfsárið. Fjöldi skráðra viðburða á starfsárinu er einnig hærri sem og fjöldi faghópafunda. Óvíst verður með fundi í mars vegna COVID-19 veirunnar. Fundir sem halda átti í dag var frestað og slíkt hið sama verður um nokkra fundi framundan.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Fjárhagsátlun 2020 var samþykkt í desember. Stjórn félagsins getur fylgst með rauntölum inn á sameiginlegu drifi félagsins. Ágætlega gengur að innheimta félagsgjöld ársins 2020 en reikningar voru sendir út í desember 2019 með gjalddaga 15.janúar. Íslenskir endurskoðendur sjá um bókhald Stjórnvísí. Einhverjir reikningar bókuðust ekki í heimabanka viðkomandi fyrirtækja þegar verið var að senda út reikningana og vann bókhaldsstofan í því í morgun að setja þá á sinn stað með gjalddaga næsta mánudag. Eins og áður verður stefnt að því að öll félagsgjöld fyrir árið 2020 verði innheimt fyrir aðalfund félagsins.
- **Önnur mál**
  - **Samfélagskýrsla ársins** verður afhent í júní á Nauthól og er verkefnið samstarfsverkefni Stjórnvísí, Viðskiptaráðs og Festu. Búið er að auglýsa eftir tilnefningum og eru þær þegar farnar að berast. Frestur rennur út 25.maí nk. Hver aðili fyrir sig tilnefnir einn aðila í dómnefnd. Sá aðili sem Stjórnvísí tilnefndi þetta árið var Hulda Steingrimsdóttir starfsmaður Landspítala sem hefur gegnt forystu fyrir faghóp Stjórnvísí um samfélagsábyrgð svo árum skiptir.
  - **Covid-19 veiran.** Stjórnvísí sendi í síðustu viku tilkynningu til allra félaga þar sem tilkynnt var að félagið inni eftir reglum Landlæknis og myndi taka ákörðun um fundi í samstarfi við hvern faghóp, gestgjafa og fyrirlesara fyrir sig. Núna hefur þremur fundum verið frestað, einum í síðustu viku og tveimur í þessari. Fyrsti vefyfyrirlesturinn verður á fimmtudag og eru á annað hundrað manns bókaðir á þann viðburð. Aðilar sem hafa bókað sig fá sendan þátttökulink.
  - **Vörumerkjaskráning.** Setja inn á síðu Stjórnvísí að félagið sé skráð vörumerki til 2025 og Íslenska ánægjuvogin til 2023
  - **Framadagar** – Stjórnvísí stefnir að því að kynna félagið á framadögum.